

201

11. des.

SAMÞYKKT

um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað,
nr. 66 16. júlí 1920.

23. gr. heilbrigðissamþykktarinnar falli niður, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægileg sorpilát og af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd fyrirskipar.

Í þessi ílát skal láta allt sorp, ösku og rusl, sem til fellur.

Vanræki húseigandi að afla sér nægilegra sorpiláta af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað, skal nefndinni heimilt að kaupa sorpilátin á kostnað húseiganda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, sem síðan lætur innheimta hann hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist með lögtaki.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 11. desember 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

202

REIKNINGUR

árið 1943 fyrir markaðs- og verðjöfnunarsjóð, stofnaður skv. lögum nr. 75
29. desember 1934.

Höfudstóll frá fyrri árum samkv. áður birtum reikningi	kr. 4242.22
Vextir af bankainnstæðum á árunum 1942 og 1943	— 252.02

Eign í árslok 1943 kr. 4494.24

F. h. stjórnar markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 31. janúar 1944.

F. h. Stefáns Þorvarðssonar

Ólafur Björnsson.